

## Fundargerð

### Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 428. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,  
26. september 2012 og hófst hann kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi, Málfríður Kristjánsdóttir, Anna Sofia Kristjánsdóttir og Sigurður Steinar Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Bjarki Jóhannesson.

#### Dagskrá:

### **A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI**

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

#### **1 1209353 - Skipalón 27.svalaskýli**

Skipalón 27,húsfélag sækir þann 19.09.2012 um að loka öllum svölum á SV-hlið með svalagleri samkvæmt teikningum dagst. 06.12.2006.Stimplað 17.09.2012 af SHS.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.*

#### **2 1209380 - Furuás 26, breyting**

Elín María Nielsen sækir 20.09.2012 um breytingu á áður samþykktum teikningum. Geymsla fjarlægð úr bílskúr. Skráning breytinst þannig að bílskúr stækkar og íbúðarhús minnkar. brúttóstærð óbreytt, samkvæmt teikningum Jóns Hrafns Hlökkverssonar dagsettar 11.09.2012.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.*

#### **3 0702286 - Stekkjarberg 9, byggingarleyfi, útrunnið.**

Framkvæmdir hafa legið niðri nokkur ár, en byggingarleyfi var gefið út 02.03.2007. Aðvörun um niðurfellingu byggingarleyfis var send 27.10.2011.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi fellir byggingarleyfið úr gildi í samræmi við 2. mgr. 14. greinar mannvirkjalaga nr. 160/2010.*

## **B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI**

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. *Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagsferindum, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.*

### **4 1209309 - Heiðvangur 28, fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa**

Guðmundur Jónsson Heiðvangi 28, leggur inn fyrirspurn varðandi byggingu á óupphituðu geymsluskýli við suðurgafil bílskúrs - viðbygging snýr inn í garðinn. Stærðir - lengd 4100 mm - (sama og breidd bílskúrs) og breidd um 1700 mm. Þak væri einhalla þannig hæst um 1700 mm við hús en ca 1300-1400 mm þar sem það er lægst.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur neikvætt í erindið. Samkvæmt deiliskipulagi fyrir íbúðahverfi í Norðurbæ fyrir reit 4 sem Heiðvangur 28 tilheyrir er ekki heimilt að byggja meira á lóðamörkum en komið er.*

### **5 1209337 - Norðurvangur 15, fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa**

Bergsveinn Jónsson gerir fyrirspurn þann 18. september um stækkun á húsi, um ræðir framlenging á bílskúr. Lóðin nýtist illa eins og hún er í dag, en þar er lítil 13 fermetra skúr sem ég mun rífa. Eining með þessum breytingum mun hljóðmengun sem skapast frá stóru bílastæði, minka talsvert.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur neikvætt í erindið. Samkvæmt deiliskipulagi fyrir íbúðahverfi í Norðurbæ fyrir reit 4 sem Norðurvangur 15 tilheyrir er ekki heimilt að byggja meira á lóðamörkum en komið er. Heimilt er að stækka húsið um allt að 20 fermetra innan byggingarreits.*

### **6 1208013 - Hafravellir 1, Byggingarleyfi**

Kristinn Ragnarsson sækir um f.h.lóðarhafa, byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi skv. teikningum dags. 31.7.2012. Lóðarhafi Guðjón Sigurðsson sækir með bréfi dags. 24.09.12 um að styðjast við eldri byggingarreglugerð skv. heimild í mannvirkjalögum nr. 160/2010.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt. Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir að veita umbeðna undanþágu.*

*13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.*

*Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:*

*1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*

*2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*

*3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*

*4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

### **7 BR020088 - Vegvísaskilti á ljósastaura**

Leyfi sem Marko-merkingar fengu til reynslu að setja ljósaskilti á ljósastaura er löngu útrunnið. Samkvæmt byggingarreglugerð þarf að sækja um leyfi fyrir öllum skiltum á bæjarlandi.

*Eiganda ber að taka skiltin niður innan þriggja vikna.*

## **8 1201327 - Einivellir 5, byggingarstig og úttektir**

Einivellir 5 er skráð á byggingarstig 7, þrátt fyrir að engin lokaúttekt hafi átt sér stað. Skipulags- og byggingarfulltrúi boðaði til lokaúttektar 12.03.2012 kl. 15:00 í samræmi við 36. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Skipulags- og byggingarfulltrúi boðaði til lokaúttektar 30.04.2012. Byggingarstjóra Anton Kjartanssýni var gert skylt að gera þær ráðstafanir sem löggin kveða á um. Sinnnti hann ekki erindinu mundi skipulags- og byggingarfulltrúi beita ákvæði 56. og 57. greina sömu laga um dagsektir og áminningu. Skipulags- og byggingarfulltrúi lagði dagsektir kr. 20.000 á dag á byggingarstjóra Anton Kjartansson frá og með 1. september 2012 í samræmi við 56. grein laga um mannvirki nr. 160/2010 hefði hann ekki sótt um lokaúttekt fyrir þann tíma. Frekari gögn hafa komið fram sem sýna að stöðuúttekt/lokaúttekt fór ekki fram þegar fyrri byggingarstjóri sagði sig af verki, og telst hann því enn vera byggingarstjóri, en ekki Anton Kjartansson.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir byggingarstjóra skylt að ljúka málinu og sækja um lokaúttekt innan 4 vikna. Verði ekki brugðist við erindinu mun skipulags-og byggingarfulltrúi beita ákvæðum mannvirkjalaga til að knýja fram úrbætur. Jafnframt eru dagsektir á Anton Kjartansson felldar niður.*

## **9 1005162 - Eskivellir 3, lokaúttekt**

Tekinn fyrir að nýju tölvupóstur frá Páli Viggó Bjarnasýni f.h. húsfélagsins Eskivöllum 3 dags. 16.05.10 þar sem óskað er eftir að fram fari lokaúttekt á húsinu eins fljótt og auðið er. Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði 16.05.10 byggingarstjóra hússins skylt að sækja um lokaúttekt á húsinu innan tveggja vikna frá dagsetningu fundarins 19.05.2010 í samræmi við grein 53.1 í byggingarreglugerð eða gera grein fyrir málinu innan þess tíma. Ekki var brugðist við erindinu. Skipulags- og byggingarfulltrúi boðaði til lokaúttektar 27.04.2012 kl. 15:00 í samræmi við 36. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarstjóra Anton Kjartanssýni var skylt að gera þær ráðstafanir sem löggin kveða á um. Frekari gögn hafa komið fram sem sýna að stöðuúttekt/lokaúttekt fór ekki fram þegar fyrri byggingarstjóri sagði sig af verki, og telst hann því enn vera byggingarstjóri, en ekki Anton Kjartansson.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir byggingarstjóra skylt að ljúka málinu og sækja um lokaúttekt innan 4 vikna. Verði ekki brugðist við erindinu mun skipulags-og byggingarfulltrúi beita ákvæðum mannvirkjalaga til að knýja fram úrbætur.*

## **C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ**

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

### **10 1208050 - Skógarás 1, byggingarleyfi**

Jón Ariliusson sækir 08.08.12 um að byggja nýbyggingu úr steinsteypu samkvæmt teikningum Sigrúnar Óla dags.26.07.12 Leiðréttar teikningar dagst.24.07.2012 bárust 18.09.2012.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.**

**Bjarki Jóhannesson (sign)  
Anna Sofia Kristjánsdóttir (sign)**

**Málfríður Kristjánsdóttir (sign)  
Sigurður Steinar Jónsson (sign)**